

125/67 Fundur**Föstudaginn 10.maí 2002 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundurinn kl. 15:10.**

Mættir: Sigurður Ragnar Kristinsson, Oddur Skúlason, Þorsteinn Þorbergsson, Gunnlaugur Ólafsson, Henry Mór Ásgrímsson, Björn Ingimarsson, einnig sat fundinn Guðlaugur Sæbjörnsson, starfsmaður KPMG.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:**1. Ársreikningar Þórshafnarhrepps - seinni umræða -**

- Oddviti gaf Guðlaugi orðið og las hann og útskýrði reikningana, og skýrslu endurskoðenda. Umræður urðu allnokkrar, um stöðu sveitarfélagsins, rekstur félagslegrar íbúða, sameiningu sveitarfélaga og margt fleira.
- Oddviti bar síðan ársreikninga upp til afgreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða og undirritaðir. Guðlaugur fór nú af fundi.
- Oddviti gerði stutt kaffihlé.

2. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 26.apríl 2002. Samþ. samhljóða.
- Réttarnefnd 30.apríl 2002. Efniskostnaði vegna Hallgilsstaðaréttar vísað til endurskoðaðra fjárhagsáætlunar, sem fram fer á miðju ári. Samþykkt samhljóða, einnig fundargerðin.
- Landbúnaðarnefnd 2. maí 2002. Oddviti dreifði bréfi frá ábúendum Hallgilsst. og Syðri-Brekkna, dagsett 6. maí s.l. Sveitarstjóra falið að svara bréfum og breyta fyrirhuguðu girðingarstæði í landi Þórshafnarhrepps í samráði við bréfitara. Samþ. samhljóða. Fundargerðin samþ. samhljóða.

3. Skýrsla sveitarstjóra.

- Björn flutti skýrslu sína, dreifði til fundarmanna bréfi dags. 6.maí s.l. frá Guðm. Ó. Björgvinnss. hdl, v. máls eigenda Læknesstaða, og drög að leigusamningi við búfjáreigendur á Þórshöfn.

4. Innsend erindi til afgreiðslu.

- Eyrarvegur 8. Fyrirspurn um sölu. Bréf dags. 8.maí s.l. frá Sumarrósu Jóhannsdóttur. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu, með vísan til aðalskipulags. Samþ. samhljóða.
- Sætún - forkaupsréttur Þórahafnarhrepps. - Sveitarstjóri dreifði kauptilboði dags. 7. maí 02 undirskrifað og samþykkt af kaupanda og seljanda. Sveitarstjórn samþ. samhljóða að falla frá forkaupsrétti.
- Fornleifavernd ríkisins. - Aðalskipulag Þórshafnarhrepps. - Bréf dags. 18. apríl 2002. Sveitarstjóri las upp eftirfarandi tillögu: " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að láta vinna fornleifaskráningu á Þórshöfn í samræmi við ósk Fornleifaverndar ríkisins dags. 18. apríl 2002. Jafnframt skal sveitarstjóri sjá til þess að hafin verði vinna við gerð áætlunar um fornleifaskráningu í hreppnum öllum og skal stefnt að því að þeirri skráningu verði lokið fyrir árslok 2012. Hreppsnefnd áskilur sér rétt til að beita sér fyrir því, að lögum um fornleifaskráningu verði breytt. Samþykkt þessi er gerð með fyrirvara um að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga vegna fornleifaskráningar verði breytt í þá veru, að ríkið standi straum af kostnaði vegna skráningarinnar í stað sveitarfélaga". Tillagan samþykkt samhljóða.
- Ársfundur Rarik 29. maí 2002. Ákveðið að senda ekki fulltrúa.
- Fundur um þjóðlundur 15. maí 2002. Samþ. að senda ekki fulltrúa.

Innsend erindi til kynningar.

- Launanevnd sveitarfélaga 26. apríl 2002.
- Launanevnd sveitarfélaga 29. maí 2002.
- Breytingar á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.

5. Kjörskrá yfirfarin og staðfest.

- Kjörskráin yfirfarin og samþykkt, sveitarstjóra falið að undirrita og auglýsa kjörskrá. Á kjörskrá eru 282.

6. Sveitarstjórnarkosningar 25. maí n.k.

- Ákveðið að kjördeild og kjörstaður verði með hefðbundnum hætti, það er, að kosið verði í Grunnskólanum á Þórshöfn. Samþ. samhljóða. Samþ. samhljóða að kosta kosningavöku / dansleik að kvöldi 25. maí 02.
- Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá skipan félagskjörins endurskoðanda sveitarfélagsins. Samþ. samhljóða að Sveinbjörn Bjarnason yrði það í stað Björns Ingimarssonar.

Dagskrá tæmd, fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 18:26

Kristín Kristjánsdóttir ritari.